

Útgáfusamningur

október 2006

Undirritaður/undirrituð/undirritaðir

...

Nafn höfundar/höfunda („höfundur/höfundar“)

veitir/veita

...

Nafn útgefanda („útgefandi“)

eftirfarandi samning.

Bakgrunnur

Samningur þessi varðar útgáfu fræði- og/eða vísindarita og er honum ætlað að gæta jafnræðis á milli réttinda höfundar og útgefanda í samræmi við neðangreindar meginreglur:

- Það er álit höfundar og útgefanda að það þjóni almannahagsmunum að veita eins greiðan aðgang og mögulegt er að fræði- og/eða vísindaritum án þess að gæðum eða akademísku frelsi sé fórnað, sérstaklega í tilvikum þar sem slík verk eru fjármögnuð með opinberu fé;
- Útgefandi ætlar sér fjárhagslega þóknun fyrir framlag sitt til útgáfu þeirra fræði- og vísindarita sem um ræðir;
- Höfundur og útgefandi telja að í svonefndri áskriftarleið þurfi sérstaklega að gæta jafnvægis á milli þess að veita eins greiðan aðgang og mögulegt er að fræði- og/eða vísindaritum og greiðslu fjárhagslegrar þóknunar fyrir útgáfu slíkra verka.

1. gr. Skilgreiningar

Merking neðangreindra hugtaka skal vera eftirfarandi:

1. **Samþykki:** þegar útgefandi tjáir höfundi vilja sinn til að gefa verk höfundar út.
2. **Grein:** verk höfundar í útgefnu formi, sem ber heitið „_____“.
3. **Rit:** það tímarit eða annað rit sem kemur út með reglubundnum hætti, á prentuðu eða stafrænu formi, þar sem greinin birtist.

2. gr. Veitt réttindi

1. Við samþykki veitir höfundur útgefanda einkarétt á nýtingu greinarinnar á þann hátt sem greinir í gr. 2.2, hvar sem er í heiminum, á gildistíma höfundarréttarins.
2. Sá einkaréttur sem tilgreindur er í gr. 2.1 veitir útgefanda rétt til að:
 - a. fjölfalda greinina, í heild eða að hluta, og miðla henni til almennings á prentuðu og/eða stafrænu formi, hvort heldur er ásamt verkum annarra eða ekki, t.d. með því að veita almennan aðgang að greininni á Internetinu eða öðru netkerfi, sem hluta af gagnagrunni, hvort sem hann er á Internetinu eða ekki, til afnota fyrir þriðju aðila;

- b. þýða greinina á önnur tungumál og miðla þýðingu greinarinnar til almennings;
 - c. útbúa aðlaganir, ágríp eða útdrætti úr greininni eða annars konar afleidd verk á grundvelli greinarinnar og nýta sérhver réttindi í tengslum við slíkar aðlaganir, ágríp, útdrætti og afleidd verk;
 - d. setja greinina, eða þýðingu, aðlögun eða ágríp hennar, í heild eða að hluta, í rafrænan gagnagrunn sem þriðju aðilar hafa aðgang að;
 - e. birta greinina, eða þýðingu, aðlögun eða ágríp greinarinnar, í heild eða að hluta, í sýnisbók eða safnriti;
 - f. leigja eða lána þriðja aðila greinina;
 - g. fjölfalda greinina með afritun þrátt fyrir takmarkanir sem leiða af lögum.
3. Útgefandi heitir því að nafn höfundar og heimildar verði getið í samræmi við hefðbundnar reglur um heimildatilvísanir.

3. gr. Áskilin réttindi höfundar

1. Höfundur heldur eftir sérhverjum öðrum réttindum yfir greininni, sem ekki hafa verið afhent útgefanda. Sérstaklega hefur hann rétt til að:

Í fræðslu- eða rannsóknarskyni

Fjölfalda greinina, í heild eða að hluta, og miðla greininni til almennings á prentuðu eða stafrænu formi, hvort heldur er sem hluti af kennsluefni eða safnriti til afnota í fræðslu- eða rannsóknarskyni innan þeirrar stofnunar sem höfundur starfar hjá eða tengist með öðrum hætti.

Miðlun

Hlaða greininni upp eða veita þeirri stofnun sem höfundur starfar hjá (eða annarri viðeigandi stofnun) leyfi til að hlaða greininni upp frá og með útgáfudegi þess rits sem greinin birtist í (nema höfundur og útgefandi hafi gert með sér skriflegt samkomulag um stutt upphleðslubann, sem skal ekki vara lengur en sex (6) mánuði):

- a) á lokað net stofnunarinnar (innra net); og/eða
- b) á gagnahirslur stofnana eða miðlægar gagnahirslur, sem almenningur hefur aðgang að (t.d. PubMed Central eða aðrar PubMed Central International gagnahirslur), að því tilskildu að tengill á greinina sé settur á vefsíðu útgefanda.

Varðveisla

Veita þeirri stofnun sem höfundur starfar hjá (eða annarri viðeigandi stofnun) leyfi til að fjölfalda greinina til þess að koma í veg fyrir að hún glatist, eða ef frumritið er á úreltu formi eða sú tækni sem nauðsynleg er til að nota frumritið er ekki fyrir hendi, til þess að tryggja að greinin verði áfram aðgengileg í fræðslu- og rannsóknarskyni.

Endurnýting

Endurnýta greinina í heild eða að hluta í fræðiritgerð, safnriti eða öðru verki.

Persónuleg notkun

Kynna greinina á fundi eða ráðstefnu og afhenda fundargestum afrit af greininni.

Nýting notenda

Veita notendum hjá þeirri stofnun sem höfundur starfar hjá (eða annarri viðeigandi stofnun) leyfi til að afrita, nota, dreifa, senda eða sýna verkið opinberlega og útbúa og dreifa afleiddum verkum.

2. Hvað varðar (endur)nýtingu greinarinnar með þeim hætti sem lýst er að ofan skuldbinda höfundur og útgefandi sig til að geta ávallt heimildar (að lágmarki þarf að geta nafns höfundar, heitis og númers ritsins þar sem greinin birtist, og nafns útgefanda), nema slíkt sé ógerlegt.

4. gr. Sæmdarréttur

Samningur þessi hefur ekki áhrif á sæmdarrétt höfundar yfir greininni. Nánar tiltekið áskilur höfundur sér rétt til vera tilgreindur sem höfundur greinarinnar og rétt til að andmæla lítilsvirðandi meðferð.

5. gr. Ábyrgð

1. Höfundur ábyrgist að hann einn er höfundur greinarinnar og að greinin brýtur ekki gegn höfundar- eða sæmdarrétti þriðja aðila.
2. Höfundur ábyrgist skaðleysi útgefanda af sérhverjum kröfum nokkurs þriðja aðila í tengslum við útgáfu greinarinnar vegna brots gegn ábyrgð þessari. Þær ábyrgðir sem lýst er yfir í grein þessari gilda einnig um allar teikningar, ljósmyndir eða aðrar myndir sem greinin inniheldur og afhentar eru af höfundi.
3. Höfundur veitir útgefanda leyfi til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, í samvinnu við höfund, til að koma í veg fyrir brot þriðja aðila gegn höfundarrétti að greininni. Höfundur og útgefandi skuldbinda sig til að veita hvor öðrum alla þá aðstoð og allar þær upplýsingar sem þörf er á í þessu sambandi. Sérstakt samkomulag skal gert um skiptingu kostnaðar í hverju tilviki fyrir sig.

6. gr. Útgáfuskylda

Að fengnu samþykki skuldbindur útgefandi sig til að gefa greinina út í samræmi við venjur útgefanda á eigin kostnað innan hæfilegs tíma frá því að samþykki hefur verið veitt.

7. gr. Gjaldfrjáls eintök

Höfundur á rétt á tveimur (2) gjaldfrjálsum eintökum af því riti sem greinin birtist í. Ef um rafrænt rit er að ræða á höfundur rétt á að fá eintak eða aðgang að því riti sem um ræðir. Höfundi er óheimilt að versla með eða selja slík gjaldfrjáls eintök.

8. gr. Réttarsamband

1. Útgefanda er heimilt að framselja nýtingarrétt greinarinnar til þriðja aðila að því tilskildu að slíkur þriðji aðili uppfylli þær skuldbindingar sem útgefandi hefur undirgengist gagnvart höfundi skv. samningi þessum.
2. Ef höfundur getur sýnt fram á að notkun greinarinnar af hálfu útgefanda skv. leyfi skerði sæmdarrétt sinn getur hann krafist þess að útgefandi láti af slíkri notkun. Útgefanda ber að verða við slíkri beiðni nema hún teljist ósanngjörn með tilliti til vísindalegs og sögulegs gildis greinarinnar.
3. Höfundi er heimilt að segja samningi þessum upp ef útgefandi verður gjaldþrota eða ef bú hans er tekið til skiptameðferðar eða annars konar meðferðar í þágu kröfuhafa.
4. Uppsögn samnings þessa hefur ekki áhrif á aðra samninga sem í gildi eru á milli útgefanda og þriðja aðila.

5. Samningi þessum er ekki ætlað að veita neinum þriðja aðila réttindi.

9. gr. Fleiri en einn höfundur

Ef höfundar eru fleiri en einn hefur höfundur leyfi allra annarra höfunda til að undirrita útgáfusamning þennan fyrir þeirra hönd.

10. gr. Lög sem gilda

Um samning þennan og túlkun hans skal fara skv. lögum þess ríkis sem höfundur er búsettur í og skulu dómstólar þess ríkis hafa lögsögu til að skera úr um ágreiningsefni.

11. gr. Lokaákvæði

Samningur þessi tekur gildi við samþykki og heldur gildi sínu svo lengi sem höfundarréttur að greininni varir.

Undirritað af höfundi hinn (dagsetning)